

Sp. 24. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson, Páll Þorbjörnsson,
Ingvar Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka:

1. Á hvern hátt bezt verði séð fyrir öruggri landhelgisgæzlu, án þess að ríkissjóði sé íþyngt um of.
2. Á hvern hátt bezt verði fyrir komið björgunarstarfsemi í framtíðinni, og hvort hægt sé að sameina hana landhelgisgæzlunni.
3. Skipulag og löggjöf um eftirlit með skipum og bátum og allt, er miðar til öryggis sjófarendum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar og tillögur séu lagðar fyrir næsta fjárlagaþing. Óhjákvæmilegur kostnaður við rannsókn þessa og undirbúning lagafrumvarpa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var borin fram á síðasta þingi, en kom aldrei til umræðu. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Ríkið á nú 3 skip, útbúin til landhelgisgæzlu. Nú virðist svo komið, að rikinu sé ofvaxið að standast kostnað af rekstri þeirra allra, allt árið. Skipin liggja uppi til skiptis, og raunin vill verða sú, að rúmlega eitt skip er að jafnaði við gæzlu. Er tvímælalaust sú landhelgisvörn ófullnægjandi.

Samfara landhelgisgæzlunni annast skipin björgunarstörf, Þór við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð og Ægir og Óðinn eru notuð til hjálpar við skipströnd o. fl. Þessi störf eru oft tímafrek, þar sem skipströnd eru mjög tíð, og miklum örðugleikum háð að ná skipunum á flot aftur, enda tekst það oft ekki. Á meðan skipin eru bundin við slík störf, er landhelgisgæzlan oft lítil sem engin.

Það er því full nauðsyn á, að athugað sé ýtarlega, hvernig skipa má þessum málum framvegis, hvernig unnt sé að skipa landhelgisgæzlu og björgunarstörfum, svo að hvorutveggja megi telja vel borgið, og kostnaðurinn verði þó bæri-legur fyrir rikissjóð. Skoðanir manna eru nú nokkuð á reiki um þessi mál, og er það að vonum.

Það, sem athuga þarf, er, hvaða stærð skipa sé bezt fallin til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, ef unnt er að sameina störfin, hve mörg þau þyrftu að vera og ennfremur, hver rekstrarkostnaður yrði. Óskir almennings um að fjölga björgunarskipum fara nú sívaxandi. En það er bersýnilegt, að útgerðarkostnaður fullkominnar björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu verður óbærilegur, nema samstarfi verði á komið.

Í sambandi við þessa rannsókn er full nauðsyn á að taka til athugunar skipulag og löggjöf um eftirlit með öryggi skipa. Háværar raddir heyrast um það, að öryggi skipa, sérstaklega hinna smærri, sé ekki sem bezt borgið. Eru mörg dæmi því til sönnunar, að skoðun skipa víðsvegar um land er í ýmsu ábótavant. Hér er um að ræða mál, sem allir landsmenn, er starfa á sjónum, og aðstandendur þeirra telja eitt hið mikilsverðasta. Enda á þjóðin í heild sinni of mikið undir því, hvernig háttað er um útbúnað og meðferð alla á þeim tækjum, sem eru undirstaða undir velmegun hennar og þúsundir manna eiga líf sitt undir. Mál þetta er því eitt hið stærsta björgunarmálið og full nauðsyn á, að því sé hreyft og tekið til grandgæfilegrar athugunar“.